

Myndlistarráð

Fundur nr. 24/2024

Miðvikudaginn 23. október, kl. 15:00
Austurstræti 5, 4. hæð

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar. Hlynur Helgasonar (SÍM) boðaði forföll og Bjarki Bragason (SÍM) sat fundinn í hans stað. Fundargerð ritar Tinna Guðmundsdóttir.

Fundargerð:

- Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð frá 23. september 2024 samþykkt.
- Matkvarði fyrir umsóknir í myndlistarsjóð
 - Ákveðið var á síðasta fundi að fjalla um og fara yfir matskvarði fyrir umsóknir í myndlistarsjóð. Rýnt var um núverandi matskvarða sem byggir á 7 gr. Mat á umsóknum, í Reglugerð um myndlistarráð og myndlistarsjóð nr. 552/2014. Umræðan fór um víðan völl og var m.a. rætt var um vægi milli gæði umsókna og gæði verkefna, hvernig markvarðar styðja bæði við fjölbreytt verkefni og efla starfsvettvang myndlistar. Í kjölfarið var hver liður í matskvarða kerfisbundið metin og rýnt í forsendur. Ákveðið að taka aftur fyrir á næsta fundi myndlistarráðs.
- Samráðsfundur með stjórn Myndlistarmiðstöðvar
 - Stefnt að fundi með stjórn Myndlistarmiðstöðvar fimmtudaginn 31. október kl. 16:00. Henti sú tímasetning ekki verður stefna að fundi viku seinna, fimmtudaginn 7. nóvember kl. 16:00.
- Önnur mál
 - Tinna lætur stjórn vita af fundi 6. nóvember kl. 08:30-10:00 á vegum Rannsóknarseturs skapandi grein. Setur hefur skipulagt óformlega fundum undir yfirskriftinni Samtal um skapandi greinar. Á fundinn 6. nóvember er búið að boða fulltrúa allra framboð í komandi Alþingiskosningum.
 - Tinna upplýsir stjórn um að stofnanir geti ekki lengur notað Íslykill til að skrá sig inn í umsóknargáttina. Tinna er að leita leiða til að finna lausn á þessu tæknivandamáli og er í samtali við Origo og Stafrænt Ísland.

Fundi slitið 17:30

Næsti fundur haldinn miðvikudaginn 27. nóvember 2024 kl. 15:00.